

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/88/EB

frá 7. september 2004

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EEC um snyrtivörur í því skyni að aðlaga III. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ⁽¹⁾ einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þar eð áhættumati hafði ekki verið lokið í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna ⁽²⁾, var fresturinn, til að skrá moskusxýlen og moskusketon í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, framlengdur til 30. september 2004.
- 2) Hinn 8. janúar 2004 samþykkti vísindanefndin um eiturhrif, eiturhrif í umhverfinu og umhverfið álit um niðurstöður áhættumatsins fyrir moskusxýlen og moskusketon, sem var gert í samræmi við reglugerð (EBE) 793/93.
- 3) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli (SCCNPE) hefur staðfest að óhætt sé að nota moskusxýlen í snyrtivörur upp að hámarksstyrk fullunnu vörunnar sem nemur 1% í ilmvatni, 0,4% í kölnarvatni og allt að 0,03% í öðrum framleiðsluvörum, þó ekki í vörum til munnhirðu og að óhætt sé að nota moskusketon í snyrtivörur upp að hámarksstyrk fullunnu vörunnar sem nemur 1,4% í ilmvatni, 0,56% í kölnarvatni og allt að 0,042% í öðrum framleiðsluvörum, þó ekki í vörum til munnhirðu.

4) Því er nauðsynlegt að fella moskusxýlen og moskusketon inn í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE, en fella brott samsvarandi færslur í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

5) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við þetta.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er hér með breytt í samræmi við viðauka þessarar tilskipunar.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. september 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Olli REHN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/83/EB (Stjtið. ESB L 238, 25.9.2003, bls. 23).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 84, 5.4.1993, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 76/768/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 2. hluta falli brott færslur undir tilvísunarnúmerum 61 og 62.
2. Í 1. hluta bætist við eftirfarandi færslur sem tilvísunarnúmer 96 og 97:

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
96	Moskusxýlen (CAS-nr. 81-15-2)	Allar snyrtivörur nema vörur til munnhirðu	a) 1,0 % í ilmvatni b) 0,4 % í kólnarvatni c) 0,03 % í öðrum vörum		
97	Moskusketon (CAS-nr. 81-14-1)	Allar snyrtivörur nema vörur til munnhirðu	a) 1,4 % í ilmvatni b) 0,56% í kólnarvatni c) 0,042% í öðrum vörum		